

hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk eru gerð til rikissjóðs 72 carton af sigarettum. Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði skipuðum verjanda sínum, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hdl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Geir Borgþór greiði skipuðum verjanda sínum, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. október 1953.

Nr. 180/1952. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hdl.)

gegn

Jóni Hauki Árnasyni Hafstað, Ingvari Gýggjari Jónssyni, Svavari Hjörleifssyni, Sveini Jónssyni, Jóni Hjörleifssyni, Hróðmari Hjörleifssyni og Óskari Jónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Manndráp af gáleysi. Bifreiða- og umferðarlagabrot. Rangur framburður fyrir dómi og hvatning til þess brots.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Sigurðsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Það athugast, að þegar bifreiðin K 213 hélt af stað frá Varmahlíð nótt þá, er slysið bar að höndum, hafði hún að flytja 20 manns, þ. e. bifreiðarstjórann og 19 farþega. Áður en slysið varð, höfðu 7 farþegar farið af bifreiðinni, en eftir voru auk bifreiðarstjórans 3 farþegar í stýrishúsi bifreiðarinnar og 9 farþegar á vörupalli hennar.

I. Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu og ökuleyfissviptingu ákærða Jóns Hauks Árnasonar Hafstað.

II. Ákærðu Ingvar Gýgjar Jónsson, Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson.

Ákærði Ingvar Gýgjar Jónsson var umráðamaður bifreiðarinnar K 213. Hann hafði falið ákærða Jóni Hauki Hafstað stjórn bifreiðarinnar, en samþykkti eða lét viðgangast, að fleiri farþegar væru í stýrishúsi hennar en heimilt var og að farþegar væru fluttir á palli hennar, enda þótt þar væri ekki löglegur umbúnaður til fólksflutninga. Hann hafði því ástæðu til að ætla, er hann kom fyrir lögreglurétt, að framangreint hátterni hans mundi baka honum refsíabýrgð, sbr. 2. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 19/1940 verður honum því ekki dæmd refsing fyrir rangan framburð fyrir lögreglurétti í máli þessu.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði Ingvar Gýgjar hvatt hina ákærðu Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson til að bera rangt fyrir rétti, og er það brot hans rétt heimfært í héraðsdóminum til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærðu Svavars Hjörleifssonar og Sveins Jónssonar hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 3 mánuði.

Með tilliti til ungs aldurs hinna ákærðu Ingvars Gýgjars Jónssonar, Svavars Hjörleifssonar og Sveins Jónssonar og góðrar hegðunar þeirra að undanfögnu þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar þeirra skuli fresta og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ekki þykir alveg næg ástæða til að svipta hina ákærðu, er hér getur, réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, sérstaklega þegar það er virt, að hinn rangi framburður laut að atriði, sem ekki var líklegt að væri veigamikil fyrir niðurstöðu máls þess, er rannsóknin beindist að.

III. Ákærðu Jón Hjörleifsson, Hróðmar Hjörleifsson og Óskar Jónsson.

Ákærðu hafa, eins og í héraðsdómi greinir, brotið gegn ákvæðum 144. gr. laga nr. 19/1940. Ákveðst refsing þeirra hvers um sig varðhald 2 mánuði, og skal refsingin vera skil-orðsbundin samkvæmt VI. kafla laga nr. 19/1940, eins og ákveðið er í héraðsdómi.

IV. Niðurlag.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Hinum ákærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað sæti varðhaldi 4 mánuði. Hann er sviptur ævilangt leyfi til að stýra bifreið.

Ákærðu Ingvar Gýgjar Jónsson, Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson sæti hver um sig fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar þeirra skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærðu Jón Hjörleifsson, Hróðmar Hjörleifsson og Óskar Jónsson sæti hver um sig varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu refsingar þeirra skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hestaréttarlögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 13. ágúst 1952.

Í máli þessu er Jón Haukur Árnason Hafstað, bóndi í Vik í Staðarhreppi, ákærður fyrir að hafa framið eftirgreind afbrot:

Að hafa gerzt sekur um manndráp af gáleysi samkvæmt 215 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, brot á 4. gr. 3. mgr. og 9. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941, brot á 14. gr. 3. mgr., 26. gr. 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72 frá 1937, 7. gr. 3. og 5. tölu-lið, með því að aka vörubifreiðinni K 213 norður Skagfirðingabraut í Skagafjarðarsýslu aðfaranótt sunnudagsins 22. okt. 1950 með of mikilli ferð miðað við aðstæður, þar eð útsýn var ekki nægileg og fjöldi farþega var á óvörðum vörupalli bifreiðarinnar, með 3 farþega í fram-sæti bifreiðarinnar, en af framangreindu gáleysi hans gat hann ekki haldið bifreiðinni á veginum og við útafaksturinn féllu farþegar af vörupallinum með þeim afleiðingum, að Pétur Sigurlaugsson Snæland beið bana og 2 aðrir menn hlutu smávægileg meiðsli, svo og með því að tilkynna ekki lögreglunni undir eins um slysið.

Krafizt er, að ákærði Jón Haukur Hafstað verði dæmdur til refsingar samkvæmt 215 gr. almennra hegningarlaga, 14. gr. umferðarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, til réttindasviptingar samkvæmt 1.—3. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga og 39. gr. bifreiðalaganna.

Meðákærðu, Sveinn Jónsson að Hóli, Ingvar Gýgjar Jónsson að Steinholti, Óskar Jónsson að Hóli, allir innan Staðarhrepps í Skagafirði, Svavar Hjörleifsson stúdent, Jón Hjörleifsson bóndi og Hróðmar Hjörleifsson verkamaður, allir að Kimbastöðum í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu, eru allir ákærðir fyrir rangan framburð af ásettu ráði samkvæmt 142. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, með því að bera í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu dagana 22.—24. okt. 1950 sem vitni rangt um, hve margir farþegar hafi verið í bifreiðarskýli K 213 aðfaranótt 22. okt. 1950, er framangreint bifreiðarhlys skeði, og hve margir og hvaða farþegar hafi verið á vörupalli sömu bifreiðar í sama skipti, sem þeir ýmist vissu, að voru rangir framburðir eða þeir vissu ekki um atriði þau, er þeir fullyrtu um, og einnig, að því er ákærða Ingvar Gýgjar varðar, til að hvetja til rangra framburða.

Er þess krafizt, að allir framangreindir meðkærðu verði dæmdir til að sæta refsingum samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, en allir hinir ákærðu dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærðu eru fæddir sem hér segir:

Jón Haukur Hafstað í Vik 23. des. 1920.

Sveinn Jónsson að Hóli 7. nóv. 1926.

Ingvar Gýgjar Jónsson að Hafsteinsstöðum 27. marz 1930.

Óskar Jónsson að Hóli 11. jan. 1930,

allir innan Staðarhrepps.

Svavar Hjörleifsson 9. jan. 1930 í Reykjavík.

Jón Hjörleifsson 1. apríl 1926 að Auðnum í Vatnsleysustrandardreppi í Gullbringusýslu.

Hróðmar Hjörleifsson 8. marz 1931 í Reykjavík, og hefur enginn þeirra sætt kæruféð eða refsingu, að undanteknum Ingvari Gýgjari Jónssyni, sem 7. okt. 1950 var með sætt í lögreglurétti Sauðárkróks sektaður um 50 krónur fyrir brot gegn 67. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu nr. 71 frá 1937.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

I.

Sunnudaginn 22. okt. 1950, um kl. 10 árdegis, frétti lögregluþjónninn á Sauðárkróki á skotspónum, að bifreiðarslys hefði orðið þá um nóttina áður. Lögreglan sneri sér því undir eins til héraðslæknisins á Sauðárkróki, sem skýrði svo frá, að þá seint um aðfaranótt sunnudagsins hefði verið komið á sjúkrahúsið á Sauðárkróki með nokkra menn, er slasast hefðu við það, að bifreiðin K 213 ók út af veginum frammi hjá Halldórssstöðum á Langholti, og einn þeirra, Pétur Snæland, hefði látizt um nóttina, en hinir meiðst smávægilega. Jafnskjótt er lögreglustjóranum var tilkynnt um þetta, kl. 10¼ f. háð., var lögreglan ásamt bifreiðaeftirlitsmanni o. fl. til aðstoðar send á vettvang slyssins og rannsókn hafin þar og síðan rannsókn fyrir dómi hafin kl. 2 e. h. þá um daginn. Kom þá í ljós, að slysið hafði orðið með þeim hætti, sem hér greinir:

Á laugardagskvöldið 21. okt. 1950 var dansskemmtun haldin í Varmahlið í Skagafirði. Stóð skemmtunin fram til kl. 2 um nóttina. Ákærðu í máli þessu voru allir á samkomunni. Nokkru eftir kl. 2 um nóttina héldu þeir af stað frá Varmahlið á vöruflutningsbifreiðinni K 213, eign Jóns yngri Jónssonar í Steinholti í Staðardreppi. Var bifreiðin í umsvari ákærða Ingvars Gýgjars Jónssonar, bróður hans, er stýrði henni, er haldið var á skemmtunina til Varmahliðar um kvöldið áður. En Ingvar hefur skýrt svo frá, að með því að hann hafði neytt áfengis á dansleiknum, fól hann ákærða Jóni Hauki Hafstað stjórn bifreiðarinnar á heimferðinni frá Varmahlið. Hafði ákærði Jón Haukur bifreiðastjórnina á hendi frá því er ferðin var hafin frá Varmahlið og þangað til slysið var um garð gengið.

Bifreiðin K 213 er Chevrolet vörubifreið, model 1947, með rúmi fyrir einn farþega í sæti í stýrisskýli bifreiðarinnar. Vörupallur bifreiðarinnar er 3.75 metrar að lengd, en 2.24 metrar að breidd milli skjólborða, sem eru 25 cm að hæð, en fyrir afturenda pallsins var ekki skjólborð. Vörupallurinn var án sæta og skýlis. Aftan við stýrishús bifreiðarinnar er handrið gert af ¾ þuml. járnpiðu, jafnbreitt og jafnhátt stýrishúsinu, til að halda sér í.

Tekizt hefur að færa sönnur á það, að þegar bifreiðinni var haldið af stað úr Varmahlið, voru á henni 19 menn. Þar af stóðu 15 á vöru-

pallinum, en 3 voru auk ákærða Jóns Hauks í bifreiðarskýlinu. Af fólkinu, sem stóð á vörupallinum, fóru 6 systkin frá Grófargili í Seyluhreppi af bifreiðinni við bæinn Grófargil, en þangað er vegalengdin frá Varmahlið 2.4 km. Sjöundi farþeginn fór af bifreiðarpallinum við bæinn Stóru-Seylu, en þar er 3.3 km vegarlengd frá Varmahlið. Voru þannig 8 farþegar eftir á vörupallinum, er slysið vildi til. En slysið bar að höndum á Skagafjarðarbraut milli bæjanna Ytra-Skörðugils og Halldórsstaða í 6.6 km vegarlengd frá Varmahlið með þeim hætti og atvikum, er nú skal lýst samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja í málinu.

Ákærði Jón Haukur Hafstað, sem stýrði bifreiðinni, hefur í fyrsta þinghaldi á sama sólarhring og slysið varð skýrt svo frá: Að samkvæmt ágizkun hans hafi kl. verið 2.20 um nóttina, þegar hann hélt bifreiðinni af stað frá Varmahlið. Myrkt var af nóttu og veðri þannig farið, að á var norðan rigningarslydda, en ekki hvassviðri. Þegar komið var móts við Halldórsstaði, rann bifreiðin út af vesturbrún vegarins og lenti úti í skurði vestan við veginn, án þess þó að velta. En við slynkin, sem kom á bifreiðina, þegar hún fór út af veginum, hentust flestir mannanna, sem stóðu á vörupalli bifreiðarinnar, út af honum og lentu í vegarskurðinum. Pétur Snæland Sigurlaugsson, til heimilis á Haðarstig 2 í Reykjavík, var einn af þeim 8 mönnum, er stóðu á vörupalli bifreiðarinnar, þegar bifreiðin fór út af veginum. Þegar að honum var komið, lá hann á vesturbrún vegarins aftan við bifreiðina og var hann með meðvitund, er ákærði kom fyrst að honum. Spurði ákærði hann, hvort hann hefði meiðzt, en hann sagðist ekki vita það. Var hann ekki hreyfður fyrr en honum var lyft upp í jeppabifreiðina K 23, sem var rétt á eftir bifreiðinni K 213, en þá var hann meðvitundarlaus. Var hann umsvifalaust fluttur á sjúkrahúsið á Sauðárkróki og var hann meðvitundarlaus alla leiðina þangað. Var héraðslæknirinn Torfi Bjarnason undir eins kallaður til, er þangað var komið, og rannsakaði hann ástand Péturs heitins og kvað hann vera látinn.

Ákærði Jón Haukur gat þess, að ræsi var þarna á veginum og náði ræsisplatan ekki út á vegbrúnina. Kveðst hann ekki geta gert sér aðra grein fyrir því, hvers vegna hann ók út af veginum en þá, að skyggni væri afleitt, krepjuklessingur settist á framrúðuna, svo hann sá illa fram fyrir sig á veginn, því að þurrkan gekk ekki vel á rúðunni. Ljós bifreiðarinnar voru í lagi. Hraðamælir bifreiðarinnar var aftur á móti ekki í lagi og sýndi ekki hraðann, en ákærði áætla, að hraðinn hafi verið 40 til 45 km á klukkustund og hélt hann því þá fram, að hámark hraðans mundi ekki hafa farið fram úr 45 km, er slysið varð.

Veginum lýsti ákærði svo, að hann var nýheflaður, blautur og þungur og laus mól á köntum hans. Kveðst hann ekki hafa notað hemla bifreiðarinnar. Hann lét þess getið, að hann sé óvanur að aka vöruflutningabifreiðum, en meðákærði Ingvar Gýgjar Jónsson fékk hann til þess að aka bifreiðinni, af því að Ingvar vissi, að hann hafði ekki neytt

áfengis. Hefur ákærði synjað fyrir, að hann hafi neytt nokkurs áfengis í för sinni til eða frá Varmahlið eða meðan hann dvaldi þar. Ákærði Jón Haukur gerði ekki vart við sig hjá lögreglunni, er hann kom með lík Péturs Snælands á sjúkrahúsið, og ekki heldur nokkur af félögum hans, er í slysinu lentu. Af þessu leiddi, að ákærða varð ekki tekið blóð um nóttina né heldur rannsókn hafin að öðru leyti, fyrr en litlu fyrir og eftir hádegi á sunnudaginn.

Í upphafi rannsóknarinnar og lengi síðan var ekki önnur vitneskja fyrir hendi um, hverjir voru í bifreiðarskýlinu, en að ákærðu Jón Haukur og Ingvar Gýgjar hefðu verið þar tveir einir, með því að þeir leyndu, að fleiri menn hefðu verið þar ásamt þeim og báru rangt um það.

Ingvar Gýgjar Jónsson var yfirheyrður um aðdraganda slyssins og hvernig það bar að höndum undir eins og tök voru á eftir hádegi á sunnudaginn 22. október og hefur hann borið á þessa leið:

Hann kveðst vera umráðamaður og bifreiðarstjóri á bifreiðinni K 213, á meðan bróðir hans Jón, sem var erlendis, er fjarverandi. En með því að hann hafði neytt áfengis í Varmahlið á framangreindri skemmtisamkomu þar og kveðst ekki hafa vitað til, að Jón Haukur Hafstað hafi neytt nokkurs áfengis, bað hann Jón Hauk að stýra bifreiðinni á heimleiðinni frá Varmahlið. Lagt var af stað kl. rúmlega 2 eftir miðnætti. Tók enginn annar en Jón Haukur á stjórn bifreiðarinnar frá Varmahlið og þangað til slysið var um garð gengið. Slysið varð fyrir sunnan og vestan Halldórsstaði þannig, að hann veitti því eftirtekt, að Jón Haukur var kominn mjög utarlega á vesturbrún vegarins. En þegar hann ætlaði að rétta bifreiðina inn á veginn, lenti vinstra hjól hennar fyrir utan endann á ræsisplötunni, sem nær ekki út á vegarbrúnina, og rann þá bifreiðin út af veginum og út í vegarskurðinn og nam ekki staðar, fyrr en nokkurn spöl fyrir norðan ræsið. Hann áætlað, að bifreiðin hafi verið um það bil á 45 km kraða, heldur fyrir neðan en ofan 45 km. Skyggni var mjög illt, dimmt af nóttu og krepjuúrfelli, sem settist á framrúðuna, og þurrkan stöðvaðist alltaf öðru hvoru. Hann taldi upp 8 menn, er staðið hefðu á vörupalli bifreiðarinnar, er slysið varð, þ. á m. meðákærðu Svein Jónsson og Svavar Hjörleifsson, er síðar sannaðist um, að báðir höfðu setið inni í bifreiðarhúsinu frá því ferðin var hafin frá Varmahlið og þangað til slysið varð. Hann kveðst hafa heyrt þess getið, að Pétur heitinn Snæland hefði verið aftastur á vörupallinum. Flestir þeir, sem voru þar, hrukku út af pallinum, þegar bifreiðin fór út af veginum og lentu þeir út í skurðbarminum. En Pétur heitinn lenti á vegarkantinum og lá þar, þegar ákærði (vitnið) kom að honum. Var Pétur þá með meðvitund og svaraði spurningum hans um, hvort hann væri mikið meiddur því, að hann vissi það ekki. Hann kveður athugaleysi sitt og vanþekkingu hafa valdið því, að hann tilkynnti ekki lögreglunni undir eins um slysið og flutti bifreiðina burt af vettvangi, áður en lögreglan kom þangað.

Auk þeirra Jóns Hauks og Ingvars Gýgjars voru allir þeir, sem

voru í bifreiðinni, krafðir vættis um hvernig slysið bar að höndum.

Af þessum vitnum hafa 8 borið um hvernig skyggni var, og öll borið, að mjög dimmt hafi verið af nóttu og flest komist svo að orði, að verið hafi náttmyrkur eða mjög dimmt. Þá hafa öll vitnin, sem um það gátu borið, borið að nokkurt úrfelli var, „slyddu rigning“ eða „rigningarsúld“, þau sem nánar greindu frá.

Á öðrum degi rannsóknarinnar var leitað vitnisburðar ákærða Svavars Hjörleifssonar á Kimbastöðum og Sveins Jónssonar á Hóli, sem síðar urðu uppvisir að því að hafa þá borið rangt um, að þeir hefðu verið á bifreiðarpallinum. Vitni þessi sátu ásamt ákærða Jóni Hauki og Ingvari Gýgjar í bifreiðaskýlinu þannig, að eftir því, sem næst verður komist, þá sat Sveinn Jónsson undir Svavari. Um það hvernig slysið bar að höndum hefur Svavar Hjörleifsson borið á þessa leið:

Hann áætla, að bifreiðin hafi verið á 40 km hraða, þegar hún fór út af veginum. Ræsi var á veginum, þar sem bifreiðin fór út af honum og náði ræsisplatan ekki út á vegkantinn. Lenti vinstra framhjólíð ofan í ræsið og svo afturhjólíð á eftir og við þetta hyggur vitnið, að Jón Haukur hafi misst stjórnina á bifreiðinni, sem tók mikinn hliðarslynk, og lenti út í brautarskurðinum og rann talsverðan spöl eftir skurðinum. Sveinn Jónsson bar sama dag, 23. október, að hann hafi séð Pétur heitinn Snæland eftir slysið. Lá hann utan í brautarkantinum. Heyrði hann Pétur kvarta um þjáningar í maganum.

Ákærði Óskar Jónsson, er einnig bar vitni í málinu á öðrum degi eftir slysið, kveðst einnig hafa séð Pétur heitinn Snæland, þar sem hann lá á vestari brautarkantinum, nokkurn spöl frá bifreiðinni, þar sem hún nam staðar í brautarskurðinum. Lá Pétur krepptur á hliðinni, en þó frekar á baki. Var hann lifandi, því vitnið heyrði stunur til hans. Vitnið kveður Pétur heitinn hafa staðið vinstra megin á bifreiðarpallinum.

Vitnið Hörður Svavarsson í Ármúla ber sama dag, að það hafi séð Pétur Snæland, þar sem hann lá í brautarkantinum vestari. Heyrði vitnið, að hann sagði, að hann héldi að hjól bifreiðarinnar hefði farið yfir sig. Vitnið segist ekki vita annað um ástand Péturs en að hann var með ráði, þar sem hann lá á brautarkantinum.

Vitnið Grétar Ingimar Jónsson kveðst hafa séð Pétur Snæland liggjandi utan í brautarkantinum. Sá hann Pétur aldrei standa upp, en heyrði að hann stundi.

Vitnið Sigmar Halldór Hafstað ber, að hann hafi talað við Pétur Snæland, þar sem hann lá í vegarskurðinum. Kvartaði hann yfir þjáningu í maga, en ekki heyrði vitnið hann hafa orð á því, að hann hefði orðið undir bifreiðinni. Telur vitnið ólíklegt, að svo hafi verið, því hann hafi fyrst lent í skurðinum, því þar sá vitnið Pétur fyrst. Telur vitnið ólíklegt, að Pétur hafi nokkurn tíma eftir slysið stigið í fæturna.

Vitnið Hröðmar Hjörleifsson, sem meiddist nokkuð, er það hentist af bifreiðinni við það að hún rann út af veginum og var því fluttur

á sjúkrahúsið á Sauðárkróki í sömu bifreið, er flutti Pétur heitinn þangað, þar þannig: Að honum virtist Pétur vera meðvitundarlaus upp frá því að hann kom inn í bifreiðina K 23, en hann dó á leiðinni til Sauðárkróks.

Vitnið Reynir Hjörleifsson á Kimbastöðum kveðst hafa staðið aftastur á bifreiðarpallinum, en Pétur Snæland stóð fyrir framan hann. Þegar bifreiðin rann út af veginum, datt vitnið flatt á pallinn, en náði að halda sér í skjólborðin, sem voru til hliðar á pallinum og hélzt þannig við á pallinum þangað til bifreiðin var stöðvuð. Kveðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, að þegar bifreiðin tók slynkinn vestur af veginum, þá hentist Pétur Snæland austur af bifreiðinni.

Af skýrslum þeirra, sem yfirheyrðir voru um slysið, þykir vissa fengin fyrir, að Pétur heitinn Snæland hafi dáið á leiðinni frá vettvangi slyssins til Sauðárkróks. Hér um bil einni klukkustund eftir að slysið varð var bifreiðin, sem flutti hann, komin til Sauðárkróks. Var líkið tekið til rannsóknar af læknum Torfa Bjarnasyni á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, og segir svo í vottorði hans:

„Hinn 22. þ. m. kl 3½ um nótt var ég kvaddur til þess að líta á Pétur Snæland Sigurlaugsson, til heimilis á Haðarstíg 2 í Reykjavík, en hann hafði kastast út af palli vörubifreiðar, er keyrt var út af veginum á leið framan við Langholt í Skagafirði. Var hann strax fluttur á sjúkrahús Sauðárkróks. Við rannsókn gat ég ekki fundið neitt lífsmark með manninum. Ytri áverkar voru engir sjáanlegir, utan smásár á höfði hægra megin. Engin blæðing úr munni, nefi eða eyrum. Upplýst var, að hann hefði verið við meðvitund fyrst eftir slysið. Þar sem af almennt líkskoðun ekki er ljóst, hvert banamein hefur verið, er sama dag (22/10) kl. 21 um kvöldið í samráði við bæjarfógeta opnað kviðarholið. Kemur þá í ljós, að það er fullt af dökku, fljótandi blóði. Við nánari skoðun finnst, að lifrin er rifin sundur þvert í gegn, framan undir hægra síðubarði. Skemmdir fundust ekki á öðrum líffærum í kviðarholi.

Ályktun: Dánarorsök er blæðing inn í kviðarholið (frá sprunginni lifur).“

Í vitnisburði sínum 19. júní s. l. segir lækinn enn fremur:

„Áverki sá, sem Pétur heitinn Snæland hlaut af slysinu, þarf ekki að hafa orðið af því, að bifreiðin hafi ekið yfir hann, og við skoðun á líki hans kom ekkert sérstakt fram, er benti til þess að svo hafi verið.“

Af skýrslum vitnanna, sem voru ásamt Péttri heitnum á bifreiðarpallinum, er það ljóst, að við það að bifreiðin rann út af veginum og niður í vegarskurðinn, hentust þau vestur af pallinum og ýmist niður í vegarskurðinn eða vestur yfir hann, en í skurðinum var vatn og leirleðja og virðist það hafa hlift þeim við meiðslum. Hins vegar virðist mega byggja á því, sem vitnið Reynir Hjörleifsson hefur borið, að það veitti því eftirtekt, að Pétur heitinn hentist „austur af bifreið-

inni“, en við það hefur hann lent á harðri brún vegarins, enda eru vitnisburðir annarra vitna yfir höfuð samhljóða um það, að hann hafi legið utan í vegarkantinum, þegar þeir sáu hann fyrst eftir slysið. Virðist því mjög ólíklegt, að Pétur heitinn hafi orðið undir hjólum bifreiðarinnar. Hins vegar er hátt fallkast af bifreiðinni niður á vegarbrúnina ærin orsök til þess, að hann biði bana af því á þann hátt, sem læknisskoðun leiddi í ljós.

Eins og áður er vikið að, fór lögregluþjónninn Ole Aadnegard undir eins og lögreglan frétti um slysið á vettvang þess. Fékk lögregluþjónninn með sér til ferðarinnar Gunnar Þórðarson bifreiðaeftirlitsmann og Svavar Helgason, bifreiðastjóra og vélvirkja, báða á Sauðárkróki, sér til aðstoðar við rannsóknina á slysstaðnum. En auk þess tóku þeir með sér Ingvar Gýgjar Jónsson, ákærða í málinu. Þegar ofangreindir rannsakendur komu á vettvang, sem reyndist vera á Skagfirðingabrautinni (Sauðárkróksbraut) milli bæjanna Halldórsstaða og Skörðugils, var búið að fjarlægja bifreiðina, en í skýrslu lögregluþjónsins segir á þessa leið: — „en hjólförin sáust og var hægt að sjá, hvernig slysið vildi til, eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir.“ Vegalengdin frá því er bifreiðin fór að beygja út á vinstri kant að ræsinu, reyndist 22.60 metrar, en vegalengdin frá ræsinu þangað sem bifreiðin virtist hafa stöðvazt í vegarskurðinum mældist 26.20 metrar. Skurðurinn vestan með veginum reyndist vera þarna um 2 metrar á breidd og upp undir einn metri á dýpt. Brautin mældist um 4.50 m á breidd, en á ræsinu 3.92 m, og þess vegna kemur skarð í brautarkantana og öllu meira í vestari kantinn. Við athuganir og mælingar, er gerðar voru af lögreglunni 19. júní s. l., reyndist vegurinn sunnan ræsisins vera beinn á 700 m löngum kafla frá næstu beygju sunnan ræsisins og að því og áframhald vegarins, norðan ræsisins, er einnig beint, eins og sjá má af uppdrættinum af vettvangi slyssins. Skarðið á veginum við enda ræsisins — pallsins, er 0.40 m djúpt, en 1.45 m á breidd í framlengingarlinu vegbrúarinnar (vesturbrúar). Þá mældist vegarbreiddin 4.85 m í 22.60 m fjarlægð suður af ræsinu. Hefur verkstjórnin, er stjórnar viðhaldi Skagfirðingabrautar, látið í ljós í skýrslunni til lögreglunnar, að brautin hafi þanizt út á breiddina, síðan hún var byggð, og er þetta vitanlega reynsla um veginn yfirhöfuð.

Gunnar Þórðarson, bifreiðaeftirlitsmaður á Sauðárkróki, sem var að verki með lögregluþjóninum um skýrslugerðina um slysið, hefur staðfest skýrsluna fyrir dómi og hefur borið þannig um aðdraganda slyssins:

Að sjá mátti á hjólförum bifreiðarinnar, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar, sem er tvöfalt, hafi verið komið út af ræsispallinum, þegar bifreiðin fór út af veginum niður í skurðinn. Stefna hjólfaranna má heita bein, þangað til að bifreiðin er komin út af veginum. Telur vitnið líklegast, að annaðhvort hafi ökumaðurinn ekki haft auga á veginum, er billinn fór út af veginum, eða misst stjórn á bilnum. Vitni þetta hefur ennfremur borið fyrir dómi 20. júní síðastliðinn, að

hann byggi það álit sitt, að bifreiðarstjórinn hafi ekki haft auga á veginum, á því, að hjólförin hafi sýnt, að bifreiðin hafi vikið frá venjulegum hjólförum á veginum og út á vegarbrúnina. Telur vitnið, að bifreiðarstjórinn hafi misst stjórn á bifreiðinni, þegar hún fór út úr venjulegum hjólförum á veginum.

Í rannsókn málsins var vandlega leitað upplýsinga um, hvort ákærði Jón Haukur Hafstað hefði neytt áfengis, áður en hann tók að sér bifreiðarstjórnina. En engar skýrslur hafa fram komið um að svo hafi verið. Þá hafa þeir ákærðu Jón Haukur og Ingvar Gýgjar Jónsson haldið því fram, að allur þorri þeirra manna, er tók sér far með bifreiðinni frá Varmahlið, hafi farið á hana ýmist án leyfis þeirra eða vitundar og hafi hvorugur þeirra (ákærðu) hent fullar reiður á, hve margir voru í bifreiðinni.

Ákærði Jón Haukur Hafstað var að ósk verjanda hans yfirheyrður á ný 19. júní s. l. Bar hann þá, að hann hafi fyrst skynjað hættuna, er hann sá, að hann var kominn of utarlega á vegarbrúnina, en hann varð ekki var við ræsið fyrr en bifreiðin tók slynkinn á sig af því, að vinstra framhjólíð lenti í skarðinu við ræsisplötuna. „Við slynkinn lenti bifreiðin enn þá utar á vegbrúninni en hún hefði ella gert og er hann varð þess vis, þá olli það honum nokkurrar truflunar“. Segir hann, að orsök þess að bifreiðin fór út af veginum var sú, að aftara hjólíð lenti út af ræsisplötunni og við það köstuðust mennirnir, sem stóðu á bifreiðarpallinum, út af honum. Kveðst hann hafa lent í ræsissskurðinum áður en hann gat sveigt bifreiðina inn á veginn. Vegna lausu malarinnar á vegarbrúninni þótti honum ekki tiltækilegt að beita hemlum, en segist hafa tekið af alla benzingjöf og dró það úr ferð bifreiðarinnar. Holan, sem var við ræsisvallinn, var ekki bersýnileg fyrr en að ræsinu kom. Viðvörðunarmerki var ekkert á þessum stað.

Það er leitt í ljós af rannsókn málsins, að aðvörðunarmerki við ræsi á Skagfirðingabraut voru ekki sett fyrr en eftir að slysið, 22. okt. 1950, varð.

En það virðist aftur á móti næsta ósennilegt, að ákærði hafi tekið af alla benzingjöfina, er hann kom út á vegarkantinn, fyrr en hann var alveg kominn að ræsinu og bifreiðin allt um það runnið 26.20 m utan í brautarkantinum og í ræsissskurðinn, þar til hún nam staðar, eins og sjá má af uppdættinum og vettvangslýsing slyssins. Enda sennilegt, að ákærði hefði getið þessa, er hann fyrst var yfirheyrður um, hvernig slysið bar að höndum, ef um staðreyndir væri að ræða.

Eins og sjá má af skýrslu bifreiðarskoðunarmannsins Gunnars Þórðarsonar, hefur allur umbúnaður vörubifreiðarinnar K 213 verið í lagi, að því undanteknu, að hraðamælirinn var óvirkur, þegar slysið varð.

Þegar á það er litið, að engin bifreið var á veginum, sem ákærði Jón Haukur Hafstað þurfti að vikja fyrir, verður ekki séð, hvers vegna hann hefur ekið út á vegarbrúnina og ekið eftir henni, í stað þess að halda sig í hjólförunum á miðjum veginum. Verður því að álita, að

þetta háttalag hans sé sprottið af vangæzlu hans á veginum eða af því að krepjan, er settist á framrúðuna, hafi falið honum sýn yfir veginn. En það er ljóst, að ef hann hefði ekki ekið alveg út á vesturbrún vegarins, en haldið sig á honum miðjum, eins og venjulega er gert, hefði ræsissskarðið ekki valdið honum neinni truflun í akstrinum og slysið ekki orðið.

Það er, eins og að framan er rakið, að fullu sannað, að ákærður ók bifreiðinni með allt að 45 km hraða, miðað við klukkustund, þrátt fyrir náttmyrkur, krepjuúrfelli og við óvirka gluggaþurrku, og þetta gerði hann með marga menn standandi á bifreiðarpallinum, án nokkurs verulegs umbúnaðar, er varna mætti þeim frá falli út af pallinum. Skiptir hér ekki máli, að ákærði kveðst ekki hafa orðið þess áskynja, hve margir voru á vörupallinum og ekki veitt þeim leyfi til að vera þar, því honum var kunnugt um, að á bifreiðarpallinum voru hvorki föst sæti né nokkur annar útbúnaður, er heimilaði honum að aka bifreiðinni með hóp manna standandi á pallinum, eins og á stóð og með þeim ökuhraða, sem greint hefur verið. Og þegar hér við bætist, að stýrishús bifreiðarinnar var ofsetið af 2 mönnum fram yfir leyfða farþegatölu og þrengslin, sem af því stöfuðu, hafa hlotið að valda erfiðleikum á stjórn bifreiðarinnar, verður að telja framferði ákærða mjög gálaust og fjarri þeirri varfærni, er honum var skylt að sýna sem bifreiðarstjóri. Verður að telja, að framangreint gáleysi ákærða hafi leitt til þess, að Pétur Sigurlaugsson Snæland beið bana við það að falla út af bifreiðinni, þegar hún fór út af veginum.

Eftir því sem nú hefur verið rakið, þykir ljóst, að ákærði Jón Haukur Hafstað hefur gerzt brotlegur við öll þau ákvæði laga, er hann er ákærður fyrir í máli þessu og upp eru talin hér að framan, að því undanteknu, að hann þykir ranglega ákærður til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, með því að gáleysisbroti hans gegn 215. gr. hegningarlaganna er ekki svo háttað, að af því geti leitt, að hann teljist ekki lengur hafa óflekkað mannorð. Ber því að sýkna hann af þessum lið ákærunnar. Þykir refsing hans samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 14. gr. umferðarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða rétti til bifreiðarstjórnar ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

II.

Af þeim mönnum, sem farþegar voru í bifreiðinni, er framangreint slys varð og borið hafa vitni í máli þessu, eru sex ákærðir fyrir rangan framburð í málinu. Auk þess er sannað, að sjöundi farþeginn, Reynir Hjörleifsson á Kimbastöðum, hefur gerzt sekur um rangan framburð í málinu, en saksókn gegn honum hefur að tillögum barnaverndar-

nefndar verið látin niður falla samkvæmt 30. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Allir voru ákærðu á unga aldri, einn 19 ára, þrír 20 ára, einn 23 ára og einn 24 ára, er þeir báru vitni í málinu, sem ákæran á hendur þeim er risin af. Hegðun þeirra að undanfögnu slysinu og síðan frumprófum málsins lauk hefur verið góð, svo kunnugt sé. Verða hér raktar sakir hinna ákærðu hvers um sig:

1. Ákærði Ingvar Gýgjar Jónsson.

Upplýst er, að hann sat við hlið ákærða Jóns Hauks Hafstað í stýrishúsi bifreiðarinnar, er slysið varð. En er hann var kvaddur fyrir dóm sunnudaginn 22. október 1950 og yfirheyrður um, hverjir voru í bifreiðarskýlinu hjá ofangreindum bifreiðarstjóra, bar hann, að þeir Jón Haukur Hafstað hefðu verið þar tveir einir, en meðal þeirra, sem stóðu á vörupalli bifreiðarinnar og hann taldi upp með nöfnum, nefndi hann ákærða Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson. Þegar hann var aftur yfirheyrður um þetta atriði fyrir dómi 28. nóv. 1951, játtaði hann, að í bifreiðarskýlinu voru auk hans og ákærða Jóns Hauks einnig ákærðu Sveinn Jónsson og Svavar Hjörleifsson. Kveðst hann hafa hvatt þá Svein Jónsson og Svavar Hjörleifsson til þess að bera rangt um þetta atriði, ef þeir yrðu krafðir vitnisburðar um það. Enn fremur bar hann fyrir dómi degi síðar, að hann hafi sunnudaginn 22. október 1950, eftir að slysið varð, farið heim að Kimbastöðum, hitt þar ákærða Svavar Hjörleifsson og beðið hann að leyna því og bera rangt um það, hve margir voru í stýrishúsi bifreiðarinnar, þegar slysið varð. Hefur hann synjað fyrir að hafa hvatt aðra til að bera rangt en ákærðu Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson, en það er upplýst, að hann fór síðastgreint sunnudagskvöld með nefndum Svavari fram að Hóli í Sæmundarhlið og hittu þeir þar ákærða Svein Jónsson og báðu hann að bera rangt um það, hve margir voru inni í stýrishúsi bifreiðarinnar K 213, þegar slysið varð.

Eftir að saksókn er hafin gegn honum og málið þingfest, hefur hann borið, að hann hafi skoðað sig sem hlutdeildarmann í bifreiðarslysinu, þar sem hann var umráðamaður bifreiðarinnar K 213 og hafði falið öðrum stjórn hennar. Á þennan framburð hans þykir ekki fært að leggja trúnað, m. a. af því að ofangreindra skoðana ákærða hefur ekki kennt fyrr en nú, eftir að frumprófum málsins var lokið.

Með því að bera vísitandi rangt um framangreind atriði og fá þá ákærðu Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson til þess að bera rangt um þau, hefur hann gerzt sekur við 142. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4.—5. tl. 70. gr. sömu laga 3 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

2. Ákærði Svavar Hjörleifsson.

Sannað er, að hann var í stýrishúsi bifreiðarinnar K 213 frá Varmahlíð og þangað til slysið var um garð gengið. Hann var krafinn vitnisburðar undir eins fyrsta dag rannsóknarinnar um það, hverjir voru þá í bifreiðarskýlinu hjá ákærða Jóni Hauki Hafstað og bar hann þannig: „Haukur stýrði bifreiðinni og sat Ingvar Jónsson hjá honum frammi í bifreiðarhúsinu, en allir aðrir, sem á bifreiðinni voru, stóðu á vörupalli bifreiðarinnar. Þar voru 9 eftirtaldir menn.“ Síðan taldi ákærði upp mennina með nöfnum og nefndi þar á meðal ákærða Svein Jónsson og taldi sjálfan sig. Ennfremur sagðist hann ekki hafa brokkið út af vörupallinum, heldur hafa fyrst haldið sér í mann, sem stóð fyrir framan hann, en hafa svo náð í járnbogann.

Eftir að bert var orðið, að ofangreindur framburður hans var rangur, játaði hann 29. nóv. 1951 að hafa verið einn af þeim fjórum mönnum, sem sátu frammi í skýli bifreiðarinnar K 213 frá Varmahlíð og þangað til slysið varð. Er framburður hans um þetta efni að öðru leyti á þessa leið:

Undir eins á sunnudaginn eftir slysið (22. okt.) komu þeir ákærði og Ingvar Gýgjar sér saman um að bera rangt um, hverjir hefðu setið í stýrishúsi bifreiðarinnar, ef ákærði yrði kvaddur vitnisburðar um það. Komu þeir Ingvar og Jón Haukur heim til ákærða að Kimbastöðum og fór hann með þeim að Steinholti. Áttu þeir Ingvar og ákærði þar saman viðtal um að leyna því, hve margir hefðu verið í bifreiðarskýlinu. Sagði hann bræðrum sínum, að hann hefði verið á bifreiðarpallinum og þeir skyldu bera það.

Að kvöldi sama dags fóru þeir ákærði og Ingvar tveir saman fram að Hóli í Sæmundarhlíð í þeim erindum að tala við ákærða Svein Jónsson, sem hafði verið með þeim í bílskýlinu. Báðu þeir Svein að bera rangt um það, hve margir hefðu verið þar hjá Jóni Hauki, þegar slysið varð.

Segir hann, að sú hafi verið orsök þess, að hann bar rangt fyrir dómnum, að hann vildi með því koma sökinni af bifreiðarstjóranum Hauki Hafstað, þeirri sök að hafa fleiri menn í stýrishúsinu en leyfilegt var.

Af því sem að framan er greint, þykir fyllilega sannað, að ákærði hefur af ásettu ráði gerzt sekur um rangan vitnisburð og auk þess hlutdeildarmaður í röngum vitnisburði, en með því að hann hefur ekki verið ákærður fyrir hlutdeildina í röngum vitnisburði, verður hann aðeins sakfelldur fyrir hinn ranga framburð sinn. Varðar það brot hans við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4.—5. tl. 70. gr. sömu laga þriggja mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

3. Ákærði Sveinn Jónsson.

Pegar hann var krafinn vitnisburðar um það, á öðrum degi eftir slysið, hve margir og hverjir hefðu verið í stýrishúsi bifreiðarinnar K 213, þegar slysið varð, bar hann þannig um þetta atriði:

„Hann segist ekki vita betur, en að þeir Haukur Hafstað og Ingvar Jónsson hafi verið einir tveir frammi í bifreiðarskýlinu, en þorir ekki að fullyrða um, hvort fleiri voru þar.“ Í framhaldi af þessum framburði sínum bar hann, að við það að bifreiðin rann út af veginum, hentist hann út af bifreiðarpallinum og kom niður aftan við bifreiðina utan í brautarkantinum. En er hann var aftur yfirheyrður um framangreint atriði 28. nóv. 1951, en þá var fallinn á hann sterkur grunur um rangan framburð, játaði hann að hafa borið rangt um þetta og játaði að hafa setið inni í bifreiðarskýlinu ásamt ákærðu Jóni Hauki Hafstað, Ingvari Gýgjari Jónssyni og Svavari Hjörleifssyni. 30. sama mánaðar var ákærði aftur yfirheyrður. Segir hann þá rétt vera, að þeir Ingvar Jónsson og Svavar Hjörleifsson hafi á sunnudagskvöldið 22. okt. 1950 komið fram að Hóli og hitt sig á brautinni niður af túninu. Var hann þar einn síns liðs. Þeir báðu hann að bera rangt um það, hve margir hefðu verið inni í stýrishúsinu á bifreið K 213, þegar slysið varð. Segir hann þá ennfremur, að tilgangur sinn með því að bera rangt um ofangreinda staðreynd hafi verið að firra þá Hauk Hafstað og Ingvar Jónsson þeirri sök að hafa ofmarga frammi í hjá sér, en þeir séu frændur hans og vinir.

Af framangreindu þykir sannað, að ákærði hefur af ásettu ráði borið rangt fyrir dómi um, hve margir voru í stýrishúsi bifreiðarinnar og með því leitast við að dylja þarvist sína. Varðar brot hans við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga 3 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

4. Ákærði Jón Hjörleifsson.

Ákærði var einn þeirra farþega, er stóðu á palli bifreiðarinnar K 213, þegar slysið bar að höndum. Hann var kvaddur vitnisburðar 24. okt. 1950 og bar þá sem hér segir: „Hann kannast við, að alls hafi verið 13 menn á bifreiðinni og telur hann áreiðanlegt að aðeins þeir Haukur og Ingvar hafi verið frammi í bifreiðarskýlinu.“ 30. nóv. 1951 er hann aftur yfirheyrður og ber þá þannig: „Hann segist ekki hafa vitað betur en það, sem hann bar fyrir lögregluréttinum 24. okt. 1950. Hann segist að visu ekki hafa séð Svavar bróður sinn á vörupalli bifreiðarinnar, en það var ekki að marka, sökum þess hve myrkt var. Hins vegar hafi Svavar sagt honum, að hann hafi verið á vörupalli bifreiðarinnar, þangað til bifreiðin fór út af veginum og slysið varð. Hann játar, að hann hafi fullyrt of mikið í framburði sínum í fyrra haust, en neitar því, að hann hafi gert það vísitandi og í því skyni að bera rangt.

Eins og áður er greint frá, hefur bróðir ákærða, Svavar Hjörleifsson, meðákærði, játað að hafa sagt bræðrum sínum, að hann hafi verið á bifreiðarpallinum, er slysið varð, og að þeir skyldu gera það, og er Reynir Hjörleifsson, bróðir þeirra, var yfirheyrður um þetta atriði 30. nóv. 1951, eftir að uppvíst var um að hann og bræður hans, sem ákærðir eru í máli þessu, höfðu borið rangt um það í upphafi rannsóknarinnar, þá játar hann að hafa borið rangt um það eftir beiðni Svavars bróður síns. Kvað hann þá orsök liggja til þess, að Svavar bróðir hans bað hann að bera rangan vitnisburð, að hann vildi koma þeim Hauki Hafstað og Ingvari í Steinholti undan sök og máске sjálfum sér og Sveini á Hóli einnig. Enda þótt framburður ákærða Svavars Hjörleifssonar verði ekki skilinn svo, að hann hafi játað að hafa beðið bræður sína að bera rangt, heldur leitast við að villa þeim sýn um staðreyndir og hvað þeir skyldu bera, virðast nokkrar líkur vera fyrir því, að Svavar hafi ekki látið sitja við það eitt að hvetja yngsta bróður sinn, Reyni, til að bera rangt fyrir dóminum. Gegn eindreginni neitun ákærða Jóns Hjörleifssonar þykir þó bresta á nægilega sönnun fyrir því, að hann hafi af ásettu ráði borið rangt um, hvar þeir Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson voru í bifreiðinni. Hins vegar þykir augljóst, að hann hefur, eins og hann hefur játað, fullt of mikið í framburði sínum, án þess að geta borið um það af eigin reynd og verður að meta honum það til stórfellds gáleysis.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið, verður að sýkna ákærða af ákærunni um rangan framburð af ásettu ráði og til refsingar samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, en brot hans ber að heimfæra undir 144. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga varðhald í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

5. Ákærði Hróðmar Hjörleifsson.

Hann var einn þeirra farþega, sem stóðu á palli bifreiðarinnar K 213, er slysið varð. Hann var fyrst kvaddur til vitnisburðar um slysið 24. okt. 1950. En að því leyti, sem varðar ákæruna á hendur honum, er framburður hans þá þannig: „Hann segir að ábyggilegt sé, að aðeins þeir Ingvar Jónsson og Haukur Hafstað hafi verið í bílskýlinu, en allir aðrir stóðu á palli bifreiðarinnar.“ Eftir að upplýst var, að hann hafði skýrt rangt frá framangreindum staðreyndum, var hann 30. nóv. 1951 aftur yfirheyrður um þær og ber hann þá þannig: „Hann segist hvorki hafa séð Svavar bróður sinn né Svein Jónsson á Hóli á bifreiðarpallinum, en fullt að þeir hafi verið þar, af því að Svavar bróðir hans hafi sagt honum, að hann hafi verið einn af þeim, sem var úti á vörupalli bifreiðarinnar K 213. Hins vegar heyrði hann það sagt, að þeir Haukur Hafstað og Ingvar í Steinholti hafi einir verið í bifreiðarskýlinu og ekki aðrir. Hann segir, að hann muni ekki betur en að

Svavar bróðir sinn hafi sagt sér þetta, að hann hafi verið úti á bifreiðarpallinum, áður en þeir Ingvar í Steinholti og Haukur Hafstað komu að Kimbastöðum á sunnudagskvöldið 22. október f. á.

Það er upplýst, að ákærði hafði drukkið nokkuð áfengi á dansskemmtuninni í Varmahlíð, en hann telur, að hann hafi aðeins verið kenndur. Hann varð fyrir nokkrum meiðslum við að hrökkva út af bifreiðinni, er hún fór út af veginum.

Með tilvísun til þess, sem rakið hefur verið undir II. 5 hér að framan um sambandið milli framburðar ákærða og Svavars bróður hans og um framburð bróður þeirra, Reynis Hjörleifssonar, þykja nokkrar líkur til þess, að ákærði Hróðmar hafi vísitandi 24. október 1950 borið rangt um, hvar þeir Svavar bróðir hans og Sveinn Jónsson á Hóli voru í bifreiðinni K 213, þegar slysið varð, en ekki nægilega sterkar, til þess að talizt geti sannað, að hann hafi af ásettu ráði skýrt rangt frá þessu og þar með gerzt sekur við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga. Verður því að sýkna hann af ákærunni að þessu leyti. Hins vegar þykir augljóst, að hann hefur drýgt stórfellt gáleysi, með því að fullyrða fyrir dómi um staðreyndir, sem hann gat ekki borið um af eigin raun, og ber því að dómarsins álit að heimfæra brot hans undir 144. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein og með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga hæfilega ákveðin varðhald í þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

6. Ákærði Óskar Jónsson.

Hann var meðal þeirra, sem stóðu á palli vörubifreiðarinnar K 213, þegar slysið varð og var fyrst kvaddur til vitnisburðar um slysið 23. okt. 1950. Bar hann þá fyrir dóminum, að alls hefðu 9 menn verið á vörupalli bifreiðarinnar, og taldi þá upp með nöfnum, þar á meðal Svein Jónsson, bróður sinn, og Svavar Hjörleifsson. Lét hann þess getið, að þeir hafi staðið allir alla leið þangað til slysið varð. Þá gat hann þess og, að Ingvar Jónsson í Steinholti hefði setið frammi í bifreiðar-skýlinu hjá Hauki Hafstað, sem stýrði bifreiðinni.

Þegar vitneskja fékkst um, að ákærðu í máli þessu höfðu dulið það eða gefið ranga skýrslu um, hve margir og hverjir farþeganna á bifreið K 213 höfðu verið frammi í bifreiðarskýlinu hjá bifreiðarstjóranum, er slysið varð, var ákærði Óskar fluttur til Reykjavíkur og stundar þar iðnnám. Var hann yfirheyrður á ný að ósk dómarsins í sakadómi Reykjavíkur 13. júní s. l. og var framburður hans á þessa leið:

Hann kveðst hafa sagt sýslumanni Skagfirðinga í réttarhaldi 22. okt. 1950 (sic), að þeir Sveinn Jónsson og Svavar Hjörleifsson hafi verið á vörupalli bilsins, þegar slysið varð, vegna þess að hann hélt að svo væri. Hann hafði þó ekki séð þá á pallinum, enda myrkt og auk þess vissi hann, að ekki mátti hafa nema einn farþega í stýrishúsi.

Daginn eftir frétti hann, að þeir hefðu verið farþegar í stýrishúsi

bifreiðarinnar K 213. Segist hann að visu hafa fundið hvöt hjá sér til að leiðrétta framburðinn, þegar hann varð hins sanna áskynja um farþega í stýrishúsinu, en hann taldi, að slíkt væri þýðingarlaust eða ekki leyfilegt, enda voru honum ekki kunn lagaákvæði um þetta atriði. Þrátt fyrir það, hve fullyrðingar ákærða í framburði hans 23. okt. 1950 eru ákveðnar um staðreyndir, sem hann síðar hefur játað, að hann hafi þá ekki vitað um, þykir það ósannað, að hann hafi borið rangt af ásettu ráði. Sveinn bróðir hans segir í skýrslu sinni fyrir dómnum 28. nóv. 1951, þegar hann játaði sök sína, að hann hafi engan þátt átt í því, að aðrir bæru rangt um það, hve margir voru í bifreiðarskýlinu og að hann telji, að bræður sínir hafi ekki vitað um að hann sat þar. Og enda þótt ekki sé mikið upp úr framburði Sveins að leggja um þetta atriði, er hins vegar engum upplýsingum til að dreifa um, að ákærði Óskar hefði verið hvattur til rangs framburðar um það. Verður samkvæmt framangreindu að sýkna hann af ákær- unni um rangan framburð af ásettu ráði til refsingar samkvæmt 1. málsgrein 142. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir bert, að hann hefur gerzt sekur um stórfellt gáleysi í framburði sínum 23. okt. 1950, sem lýst er hér að framan. Ber að heimfæra brot hans undir 144. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga varðhald í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

III.

Allir ákærðu greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða mun af máli þessu, in solidum, þar með talin 1500 kr. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Ármanns Snævars prófessors.

Það hefur valdið drætti á uppsögn dóms þessa, að dómariinn veiktist af influenzu skömmu eftir að málið var tekið til dóms og hefur verið veikur lengst af síðan. En fyrir drætti þeim, sem varð á að rannsókn málsins yrði að fullu lokið, er gerð grein í rannsóknargerðunum.

Dómsorð:

Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað sæti varðhaldi 4 mánuði. Hann skal sviptur ævilangt leyfi til að stýra bifreið, frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Ingvar Gýgjar Jónsson, Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson sæti hver um sig fangelsi 3 mánuði.

Þeir eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjör- gengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Jón Hjörleifsson og Hróðmar Hjörleifsson sæti hvor um sig varðhaldi 3 mánuði, en fullnustu refsingar þeirra skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu

dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærði Óskar Jónsson sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ármanns Snævars prófessors, kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. október 1953.

Nr. 107/1952. **Egill Vilhjálmsson h/f** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Hans Adamsen (Gunnar Þorsteinsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1952. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar á dæmdum bótum til handa gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 3. október 1952, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 24. september 1952. Krefst gagnáfrýjandi þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 37817.60, *til vara* kr. 33020.00 og til *þrautavara* aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 26. ágúst 1950 til greiðsludags. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Héraðsdómur í máli þessu var upp kveðinn 23. febrúar